


- Vextir fasteignalána á Íslandi og í nágrannalöndunum
- Fórnarkostnaður vegna barneigna
- Fjölgun félagsmanna með erlent ríkisfang
- Kreppa í ferðamannaíðnaðinum?
- Brúnin að þyngjast á Íslendingum

| HAGTÖLUR VR  |             |
|--|-------------|
| Meðalheildarlaun VR                                | 600.570 kr. |
| Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði      | 3,8%        |
| Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði | 1,0%        |
| Atvinnuleysi félagsmanna VR                        | 1,9%        |
| Fjöldi félagsmanna VR                              | 36.100      |

### Fjöldi erlendra ferðamanna



Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

## Vextir fasteignalána á Norðurlöndunum

Vextir á fasteignalánum á Íslandi eru töluvert hærri en í löndunum í kringum okkur. Íslendingar hafa í raun ekki fundið fyrir þessu háu vöxtum með beinum hætti því algengustu lánin eru verðtryggð. Greiðslubyrði verðtryggðra lána er lág í upphafi lánstímans en hækkar síðan þegar líður á tímann.

Til að varpa ljósi á áhrif vaxtamunarins milli Íslands og landanna í kringum okkur er nauðsynlegt að bera saman sambærileg lán. Hér verður borin saman greiðslubyrði óverðtryggðra lána á Íslandi og sambærilegra lána í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Í samanburðinum er miðað við 35 milljóna króna lán til 30 ára<sup>1</sup>. Mynd 1 sýnir að greiðslubyrði af slíku láni er töluvert hærri á Íslandi en í hinum löndunum. Munurinn er um 72.000 kr. á mánuði.


Líkt og nefnt var að ofan hafa íslensk heimili ekki fundið fyrir þessum mikla vaxtamun með beinum hætti þar sem flest heimili skulda verðtryggt. Mynd 1 sýnir einnig greiðslubyrði í upphafi lánstímans á verðtryggðu láni á Íslandi. Fyrir slíkt lán er greiðslubyrðin 27.000 kr. hærri en í samanburðarlöndunum. Munurinn eykst þó með tímanum þar sem greiðslubyrði verðtryggðra lánsins hækkar stöðugt með verðbólgunni.

### Hærri laun vegna hærri vaxta

Tafla 1 sýnir samanburð á launum og greiðslubyrði eftir upphæð vaxta. Taflan sýnir að það sama situr eftir í veskinu af 620.000 kr. þegar vextir eru 5,75% er það sama og af 500.000 kr. launum ef vextir væru 2,2%. Laun á Íslandi þurfa því að vera umtalsvert hærri en í samanburðarlöndunum til að standa undir hárrí greiðslubyrði fasteignalána á Íslandi.

Lækkun vaxta myndi því vera gríðarleg kjarabót fyrir íslensk heimili.

Mynd 1 – Mánaðarleg greiðslubyrði 35 mkr. láns til 30 ára  
Tölur við nafn landa eru vextir fasteignalána í viðkomandi landi



Tafla 1 – Samanburður á launum og greiðslubyrði

| Laun   | Útborgað | Vextir | Greiðslub. | Eftir í veski |
|--------|----------|--------|------------|---------------|
| 620 þ. | 425 þús. | 5,75%  | 206 þús.   | 219 þús.      |
| 500 þ. | 353 þús. | 2,20%  | 134 þús.   | 219 þús.      |

<sup>1</sup> Upplýsingar um vexti koma frá DNB í Noregi, Danske bank í Danmörku, meðaltal 10 banka í Svíþjóð (gögn fengin af <http://www.nasdaqomxnordic.com/bonds/sweden/mortgagerates>) og af heimasíðu Seðlabanka Íslands fyrir íslensku vextina.

## Fórnarkostnaður vegna barneigna

Launamunur kynjanna hefur lengi viðgengist á vinnumarkaði, um það er varla deilt. Hins vegar er deilt um ástæðuna.

Í [nýrri danskri rannsókn](#) er fjallað um þennan mun út frá áhrifum barneigna á launaþróun kynjanna. Niðurstaðan bendir til þess að fórnarkostnaður kvenna vegna barneigna sé tekjulækkun til frambúðar. Fórnarkostnaður er hversu mikið (í %) konur dragast aftur úr körlum vegna barneigna. Rannsóknin sýnir að laun kynjanna þróast á sambærilegan hátt síðustu fimm ár fyrir fæðingu fyrsta barns en svo dregur sundur með þeim. Mikilvægt er að hafa í huga að hér er um að ræða þróun launa. Tekjur kvenna lækka strax og þó þær hækki aftur ná þær ekki sömu stöðu, eftir tíu ár er tímakaup kvenna (e. wage rates) 9,1% lægra en karla en heildartekjur (e. earnings) 19,4% lægri. Heildartekjur samanstanda af atvinnuþátttöku, vinnustundum og tímakaupi. Munur á heildartekjum mæðra og kvenna sem ekki eiga börn er jafnvel meiri, 23% eftir tíu ár. Munur hjá körlum er ekki marktækur.


### Hvernig er staðan hjá okkur?

Samsvarandi rannsókn virðist ekki hafa verið gerð á Íslandi en vert er að benda á að fjölmargar rannsóknir, greinar, umfjallanir og ritgerðir hafa verið unnar og skrifaðar um launamuninn og ástæður hans út frá mörgum mismunandi sjónarhornum.


Þegar launaþróun karla og kvenna innan VR er skoðuð, með dönsku rannsóknina í huga, benda niðurstöðurnar til samsvarandi breytinga á launaþróun kynjanna innan VR fljótlega eftir fæðingu fyrsta barns. Hins vegar eru vísbendingar um að konur í félaginu nái aftur sömu launum í hlutfalli við aðrar konur í félaginu. Slíkt tekur þó tíu ár. Karlar ná aftur sömu stöðu á um 20 mánuðum.

Mikilvægt er að benda á að skoðun á launaþróun innan VR er ekki gerð á sama hátt og í dönsku rannsókninni, hér er eingöngu um að ræða lauslega skoðun á þróun launa kynjanna yfir rúmlega tíu ára tímabil að teknu tilliti til fjarveru frá vinnu vegna barneigna.

Mynd 2 – Þróun á tímakaupi kynjanna (e. wage rates)- tíu ár




Mynd 3 – Samanburður á heildartekjum kvenna (e. earnings)



Heimild: "[Children and gender inequality: Evidence from Denmark](#)".

Mynd 4 – Launaþróun félagsmanna VR sem fara í fæðingarorlof í hlutfalli við alla aðra á sama aldri og af sama kyni.




## Fjölgun félagsmanna með erlent ríkisfang

Félagsmenn með erlent ríkisfang voru 9,4% allra félagsmanna VR á fyrri helmingi ársins 2018 en voru 7,1% á sama tíma árið 2017 sem er um þriðjungs aukning sem er heldur meira en sjá má þegar litið er allan vinnumarkaðinn. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru innflytjendur 15,6% starfandi á vinnumarkaði á fyrri helmingi árs 2017 að jafnaði en 17,9% á fyrri helmingi þessa árs.

Nær þriðjungur erlendra félagsmanna í VR árið 2017 var frá Póllandi. Um 7% voru frá Litháen og 5% frá hvoru landi fyrir sig, Bretlandi og Þýskalandi. Árið 2007 voru Pólverjar 43% allra félagsmanna með erlent ríkisfang en 6% voru frá Danmörku og jafnstórt hlutfall frá Þýskalandi.

Mynd 5 – Félagsmenn með erlent ríkisfang




## Kreppa í ferðamannaiðnaðinum?

Mikið er fjallað um fjölda ferðamanna og almenna stöðu ferðamannaiðnaðarinnar á Íslandi. Ferðamannaiðnaðurinn er orðin mjög mikilvæg atvinnugrein fyrir íslenskt efnahagslíf. Bakslag í greininni gæti því haft verulega neikvæð áhrif í formi aukins atvinnuleysis og veikingar krónunnar svo dæmi séu tekin.

Þegar tölur um fjölda erlendra ferðamanna eru skoðaðar má skilja áhyggjur sumra um stöðu greinarinnar. Líkt og forsíðumynd Efnahagsyfirlitsins sýnir má greina einhverja fækkun ferðamanna á fyrstu mánuðum ársins 2018. Mynd 6 sýnir þó um 3% vöxt á fyrstu átta mánuðum ársins 2018 samanborið við fyrstu átta mánuði ársins 2017.

Mynd 6 – Fjölgun erlendra ferðamanna á fyrstu átta mánuðum hvers árs.



Líkt og áður hefur verið fjallað um í Efnahagsyfirliti VR var við því að búast að hægja færi á fjölgun erlendra ferðamanna<sup>2</sup>. Sé fjölgun erlendra ferðamanna skoðuð hjá öðrum löndum er afar sjaldgæft að tugprósenta vöxtur haldi áfram jafn lengi og raunin hefur verið á Íslandi. Þar sem fjöldi ferðamanna hefur vaxið hratt hefur einnig fylgt hægagangur í kjölfarið, líkt og Ísland er nú að upplifa. Mikil fækkun ferðamanna er þó enn ólíkleg.

<sup>2</sup> Efnahagsyfirlit VR – Júní 2018

## Brúnin að þyngjast á Íslendingum

Efnahagsyfirlit VR sýnir þróun ýmissa hagvísu aftast í ritinu. Þar á meðal er væntingavísitala Gallups. Vísitalan er byggð á eftirfarandi fimm þáttum:


- Mati á núverandi efnahagsaðstæðum
- Væntingum til efnahagslífsins eftir sex mánuði
- Mati á núverandi ástandi í atvinnumálum
- Væntingum til ástands í atvinnumálum eftir sex mánuði
- Væntingum til heildartekna heimilis eftir sex mánuði

Vísitalan er mikilvægur hagvísir þar sem væntingar fólks til næstu mánaða geta haft mikil áhrif á hvert stefnir í efnahagslífinu. Þegar óvissa í efnahagslífinu eykst og væntingar versna getur það dregið úr neyslu sem eykur atvinnuleysi sem dregur enn meira úr neyslu. Slík atburðarás getur verið undanfari hægagangs eða niðursveiflu í efnahagslífinu.

Gildi vísitölunnar í ágúst 2018 er á sama stað og í mars 2008.

Mynd 7 – Væntingavísitala Gallup


Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála



Heimild: Gallup


## Mælaborð Efnahagsfirlits VR

Kaupmáttarvísitala VR og Hagstofu  
Vísitölur = 100 í janúar 1990




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands




Verðbólga og verðbólguþá til næstu þriggja mánaða

Meðaltal af spám stóru viðskiptabankanna þriggja



Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR

Húsnæðisverð miðað við útborguð laun félagsmanna VR


Þegar línan hækkar þá er húsnæðisverð að hækka umfram útborguð laun félagsmanna VR



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR


## Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

### Vextir fasteignalána og stýrivextir Seðlabankans



### Útlán til heimila og fyrirtækja


Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefna markaðsskuldabréfa<sup>3</sup>



Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR


### Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári




### Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan

Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar



Heimild: Seðlabanki Íslands


### Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun



Heimild: VR og Vinnumálastofnun

### Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði meðal fyrirtækja innan VR



<sup>3</sup> Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrirtækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)